

Nd.

389. Breytingartillaga

við frv. til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Frá Gunnari Sigurðssyni.

Við 6. gr.

Í stað orðanna »við kostnaðarverði frá 1923« komi: með því verði, er greinir í 62. gr. vatnalaganna, nr. 15, 20. júní 1923, þó með þeirri breytingu frá ákvæðum 3. málsg. þeirrar greinar, að ef til ráðstöfunar kemur á tekjuafgangi samkvæmt þeirri málsgrein, þá skulu notendur utan Reykjavíkur eiga rétt til endurgreiðslu á óskertum sínum hluta af þeim tekjuafgangi.